

Uppgjör Össurar fyrir þriðja ársfjórðung 2007



Life Without Limitations

Fréttatilkynning frá Össuri hf.
Reykjavík, 30. október 2007

Helstu niðurstöður fyrir þriðja ársfjórðung

- Sala var 82,3 milljónir Bandaríkjadala, jókst um 31% frá þriðja ársfjórðungi 2006
- Söluaukning vegna innri vaxtar var 11%
- Pro forma söluaukning var 11%
- Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA) var 14,1 milljón dala, jókst um 16% frá þriðja ársfjórðungi 2006
- EBITDA hlutfall var 17,1% samanborið við 19,3% fyrir sama tímabil í fyrra
- Hagnaður tímabilsins var 2,2 milljónir Bandaríkjadala samanborið við 5,4 milljónir Bandaríkjadala á þriðja fjórðungi 2006

Helstu niðurstöður fyrir fyrstu níu mánuði ársins

- Sala var 250,7 milljónir Bandaríkjadala, jókst um 33% frá þriðja ársfjórðungi 2006
- Söluaukning vegna innri vaxtar var 8%
- Pro forma söluaukning var 8%
- Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA) var 41,7 milljónir dala, jókst um 23% frá sama tímabili 2006
- EBITDA hlutfall var 16,6%, samanborið við 18,0% fyrir sama tímabil í fyrra
- Hagnaður tímabilsins var 0,9 milljónir Bandaríkjadala samanborið við 8,1 milljón dala hagnað fyrir sama tímabil 2006

Jón Sigurðsson, forstjóri:

„Við erum ánægð með niðurstöður þriðja ársfjórðungs. Við sjáum áframhaldandi góðan vöxt í Evrópu og fyrstu merki þess að endurskipulagningin sem við gerðum á sölukerfinu fyrir spelkur í Bandaríkjunum í upphafi ársins, sé að byrja að skila sér. Sala Gibaud er á góðu skriði og sýnir góðan vöxt samanborið við síðasta ár, þó svo að með Gibaud hafi árstíðabundin áhrif á sölu aukist vegna sumarlokana í Frakklandi. Sala á stoðtækjum heldur áfram að aukast umtalsvert og að sama skapi sjáum við jákvæða þróun í söluvexti á spelkum og stuðningsvörum. Þegar á heildina er litið erum við sannfærð um að við séum nú að uppskera eftir tímabil innleiðingar og endurskipulagningar sem mun leggja grunninn að framtíðarvexti félagsins“.

*Samkvæmt reikningsskilareglum miðast umreikningur rekstrarliða milli gjaldmiðla við meðalgengi rekstrartímabils. Við umreikning úr Bandaríkjadöllum yfir í íslenskar krónur fyrir fyrsta ársfjórðung er notað meðalgengi 63,11 ISK/USD. Við umreikning efnahagsliða er notað gengi í lok ársfjórðungsins 61,88 ISK/USD.

Lykiltölur – fjórðungsyfirlit

Rekstrarreikningur 3. ársfjórðungs 2007 (þús. USD)	3. ársfj. 2007	2. ársfj. 2007	1. ársfj. 2007	4. ársfj. 2006	3. ársfj. 2006
Sala	82.322	88.037	80.380	63.844	62.755
Kostnaðarverð seldra vara	(33.561)	(34.916)	(34.394)	(26.945)	(24.946)
Framlegð	48.761	53.121	45.986	36.899	37.809
Aðrar rekstrartekjur	311	197	320	286	121
Sölu- og markaðskostnaður	(20.722)	(21.261)	(21.978)	(16.758)	(17.530)
Þróunarkostnaður	(5.324)	(4.599)	(4.994)	(4.744)	(4.254)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	(14.901)	(16.082)	(15.277)	(9.785)	(9.085)
Kostnaður vegna endurskipulagningar				(5.453)	
Rekstrarhagnaður	8.125	11.376	4.058	444	7.061
Fjármunatekjur / (fjármagnsgjöld)	(5.840)	(9.526)	(7.852)	(5.087)	(3.887)
Hagnaður / (tap) fyrir tekjuskatt	2.285	1.850	(3.794)	(5.363)	3.174
Tekjuskattur	(130)	(367)	1.088	1.656	2.203
Hagnaður / (tap) tímabilsins	2.155	1.483	(2.706)	(3.707)	5.377
EBITDA	14.068	17.353	10.240	5.617	12.138
EBITDA hlutfall	17,1%	19,7%	12,7%	8,8%	19,3%
EBITDA leiðrétt*	14.068	17.353	11.528	11.070	12.138
EBITDA hlutfall leiðrétt *	17,1 %	19,7 %	14,3 %	17,4 %	19,3 %

*leiðrétt fyrir einskiptiskostnaði og uppfærslu birgða vegna fyrirtækjakaupa.

Rekstrarniðurstöður fyrir þriðja ársfjórðung 2007

Eftirfarandi eru helstu rekstrarniðurstöður fyrir þriðja ársfjórðung 2007. Gibaud Group kemur inn í samstæðu Össurar í desember 2006 og Somas var keypt í febrúar 2007. Fyrirtækin eru því bæði í samstæðureikningnum fyrir þriðja ársfjórðung.

Rekstrarreikningur 3. ársfjórðungs 2007 (þús. USD)	3. ársfj. 2007	% af sölu	3. ársfj. 2006	% af sölu	Breyting
Sala	82.322	100,0%	62.755	100,0%	31,2%
Kostnaðarverð seldra vara	(33.561)	-40,8%	(24.946)	-39,8%	34,5%
Framlegð	48.761	59,2 %	37.809	60,2 %	29,0 %
Aðrar rekstrartekjur	311	0,4%	121	0,2%	157,0%
Sölu- og markaðskostnaður	(20.722)	-25,2%	(17.530)	-27,9%	18,2%
Þróunarkostnaður	(5.324)	-6,5%	(4.254)	-6,8%	25,2%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	(14.901)	-18,1%	(9.085)	-14,5%	64,0%
Rekstrarhagnaður	8.125	9,9 %	7.061	11,3 %	15,1 %
Fjármunatekjur / (fjármagnsgjöld)	(5.840)	-7,1%	(3.887)	-6,2%	50,2%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	2.285	2,8 %	3.174	5,1 %	-28,0 %
Tekjuskattur	(130)	-0,2%	2.203	3,5%	-105,9%
Hagnaður tímabilsins	2.155	2,6 %	5.377	8,6 %	-59,9 %
EBITDA	14.068	17,1 %	12.138	19,3 %	15,9 %

Sala

Sala fjórðungsins jókst um 31% frá sama tímabili í fyrra, mælt í Bandaríkjadöllum. Gengisþróun hafði jákvæð áhrif á söluna og var söluaukningin 27%, mælt í staðbundinni mynt.

Söluaukning vegna innri vaxtar¹ var 11% mælt í Bandaríkjadöllum og 8% mælt í staðbundinni mynt. Pro forma söluaukning, að Gibaud og Somas meðtöldum, var sú sama.

Í kjölfar kaupanna á Gibaud hafa árstíðabundin áhrif aukist vegna lokana í Frakklandi í fjórar til sex vikur í júlí og ágúst vegna sumarleyfa. Þetta hefur neikvæð áhrif á reksturinn á þriðja ársfjórðungi. Sala Össurar dróst saman um 6% miðað við annan ársfjórðung þessa árs. Um tvo þriðju hluta þess má rekja beint til áhrifa árstíða hjá Gibaud.

Vöruflokkar

Skipting sölu milli vöruflokka á fjórðungnum var þessi:

Þús. USD	3. ársfj. 2007	3. ársfj. 2006	Breyting í USD	Breyting í staðbundinni mynt
Spelkur og stuðningsvörur	42.884	32.030	34%	30%
Stoðtæki	35.146	30.591	15%	11%
Vörur fyrir blóðrásarmeðferð	3.074	0	n/a	n/a
Annað	1.218	134	809%	713%
Samtals	82.322	62.755	31%	27%

Spelkur og stuðningsvörur

Sala á spelkum og stuðningsvörum jókst um 34% frá þriðja ársfjórðungi 2006. Innri vöxtur sem og Pro forma söluaukning voru 5% mælt í Bandaríkjadöllum. Pro forma söluaukning var 4%, mælt í staðbundinni mynt.

Sala í Evrópu, Mið austurlöndum og Afríku var mjög góð. Spelku- og stuðningsvörusala Gibaud var aðeins lakari, en þrátt fyrir það var heildarsalan þrýðileg og Pro forma vöxtur vel ásættanlegur og yfir vexti markaðarins. Umfangsmikil endurskipulagning á sölukerfi fyrir spelkur og stuðningsvörur í Bandaríkjunum í upphafi ársins er farin að skila sér með stöðugt betri vexti.

Sala á spelkum og stuðningsvörum nam 52% af heildarsölnunni á þriðja fjórðungi, samanborið við 51% á sama tímabili 2006.

Stoðtæki

Sala á stoðtækjum heldur áfram að vera mjög góð, þriðja ársfjórðunginn í röð. Söluaukningin var umtalsverð bæði í Ameríku og á sölusvæði Össur Europe og var innri vöxtur 15%, mælt í Bandaríkjadöllum og 11% mælt í staðbundinni mynt.

Sala á stoðtækjum nam 43% af heildarsölnunni samanborið við 49% á sama tímabili í fyrra.

Vörur til nota við blóðrásarmeðferðir

Söluaukning á vörulínu Gibaud til nota við blóðrásarmeðferðir jókst um 8% samanborið við þriðja ársfjórðung 2006, mælt í Bandaríkjadöllum en stóð í stað mælt í staðbundinni mynt. Árstíðaaáhrif aukast þar sem að Gibaud leggur áherslu á sölu á mismunandi vöruflokkum til skiptis.

Sala á vörum til nota við blóðrásarmeðferðir nam 4% af heildarsölnunni á þriðja fjórðungi.

Markaðssvæði

Dreifing sölu eftir markaðssvæðum var sem hér segir:

Þús. USD	3. ársfj. 2007	3. ársfj. 2006	Breyting í USD	Breyting í staðbundinni mynt
Ameríka	42.419	39.669	7%	7%
Evrópa	36.904	20.132	83%	71%
Asía	2.999	2.954	2%	0%
Samtals	82.322	62.755	31%	27%

Frá og með 1. janúar 2007 verður uppgjör félagsins sett fram með nýjum markaðssvæðum, Ameríku, Evrópu og Asíu. Ameríka samanstendur af bæði Norður- og Suður-Ameríku, Evrópu tilheyra einnig Mið austurlönd og Afríka en Ástralía heyrir undir Asíu. Samanburðartölur hafa verið lagaðar að þessum breytingum.

¹ Innri vöxtur er reiknaður sem vöxtur sölutekna að frádregnum tekjum vegna keyptrar og seldra félaga. Innri sölutekjur þess ársfjórðungs sem er til skoðunar eru reiknaðar með því að draga frá heildartekjum þær sölutekjur sem eru tilkomnar vegna keyptrar félaga sem hafa verið í eigu Össurar í skemmri tíma en 15 mánuði. Vöxturinn er reiknaður með því að bera saman innri sölutekjur ársfjórðungsins sem er til skoðunar við innri sölutekjur sama ársfjórðungs fyrra árs. Sölutekjur vegna félaga sem keypt voru í sama fjórðungi fyrra árs eru undanskildar í samanburðinum.

Ameríka

Sala í Ameríku jókst um 7% frá sama tímabili í fyrra, hvortveggja mælt í Bandaríkjadölum og staðbundinni mynt. Aukning á innri vexti og Proforma söluvexti var sú sama.

Sala á stoðtækjum heldur áfram að aukast töluvert og sala á spelkum og stuðningsvörum eykst jafnt og þétt í kjölfar umfangsmikillar endurskipulagningar í upphafi ársins.

Salan í Ameríku nam 51% af heildarsölunni, samanborið við 63% á þriðja fjórðungi í fyrra.

Evrópa, Mið austurlönd og Afríka

Söluaukningin í Evrópu, Mið austurlöndum og Afríku var 83% mælt í Bandaríkjadölum og 71% mælt í staðbundinni mynt. Innri vöxtur sem og Pro forma söluvöxtur voru sérstaklega góðir eða 20% og 18%, mælt í Bandaríkjadölum, en 12% og 10% mælt í staðbundinni mynt.

Rekstur Gibaud gengur samkvæmt áætlun með 7% Pro forma söluaukningu samanborið við sama tímabil í fyrra, mælt í staðbundinni mynt. Eins og áður hefur komið fram hafa áhrif árstíða á rekstur Össurar aukist í kjölfar kaupanna á Gibaud þar sem fyrirtækið er lokað í fjórar til sex vikur í júlí og ágúst vegna sumarleyfa. Þetta hefur neikvæð áhrif á rekstur Össur Europe, bæði á sölu og rekstrarhagnað þar sem stór hluti af útgjöldunum er fastur.

Sala Össur Europe nam 45% af heildarsölunni, samanborið við 32% á þriðja ársfjórðungi 2006.

Asía

Sala í Asíu nam þremur milljónum Bandaríkjadala sem er 4% af heildarsölu samstæðunnar. Söluvöxtur stóð í stað, mælt í staðbundinni mynt.

Í byrjun október fagnaði Össur Asia fyrsta starfsári skrifstofunnar með glæsilegri veislu þar sem um 200 gestir komu til að samfagna, þar á meðal forseti Íslands og hr. Lu Shiming, varaforseti íþróttasambands fatlaðra í Kína.

Framlegð

Framlegð nam 48,8 milljónum Bandaríkjadala samanborið við 37,8 milljónir á þriðja ársfjórðungi 2006 og jókst um 29%. Framlegðarhlutfallið var 59,2% samanborið við 60,2% á sama tímabili í fyrra.

Rekstrargjöld

Sölu- og markaðskostnaður nam 20,7 milljónum Bandaríkjadala, eða um 25,2% af sölu samanborið við 17,5 milljónir dala og 27,9% á sama tímabili í fyrra. Helstu ástæður fyrir því að hlutfall sölu- og markaðskostnaðar er lægra en á sama tímabili í fyrra er betri árangur hjá Össur Europe og endurskipulagning á sölukerfi fyrir spelkur og stuðningstæki í Bandaríkjunum. Lægra hlutfall sölu- og markaðskostnaðar hjá Gibaud á einnig þátt í lægra hlutfalli.

Þróunarkostnaður var 5,3 milljónir Bandaríkjadala sem er 6,5% af sölu, samanborið við 4,3 milljónir dala og 6,8% á þriðja fjórðungi í fyrra. Jákvað áhrif stærðarhagkvæmni sem og lægra hlutfall þróunarkostnaðar hjá Gibaud jafnast að mestu út vegna neikvæðra gengisáhrifa, þá sérstaklega styrking íslensku krónunnar gagnvart Bandaríkjadala. Allur þróunarkostnaður er gjaldfærður þegar hann fellur til.

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður nam 14,9 milljónum Bandaríkjadala sem er 18,1% af sölu samanborið við 9,1 milljón dala eða 14,5% á þriðja ársfjórðungi 2006. Aftur hefur Gibaud áhrif á hlutfallsbreytinguna, bæði vegna þess að skrifstofu- og stjórnunarkostnaður hjá Gibaud hefur almennt verið töluvert hærri en hjá Össuri en gengisþróun og óvenjulegur kostnaður vegna málaferla hefur einnig áhrif á aukninguna.

Afskriftir ófnislegra eigna vegna fyrirtækjakaupa námu 3,7 milljónum Bandaríkjadala samanborið við 3,3 milljónir árið 2006. Afskriftirnar lækka hlutfall rekstrarhagnaðar af sölu á öðrum fjórðungi 2007 um 4,5 prósentustig. Upphæðin skiptist á einstaka rekstrarliði sem hér segir:

Kostnaðarliður	3. ársfj. 2007 Þús. USD	% af sölu	3. ársfj. 2006 Þús. USD	% af sölu
Sölu- og markaðskostnaður	2.066	2,5%	1.801	2,9%
Þróunarkostnaður	1.127	1,4%	1.119	1,8%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	485	0,6%	367	0,6%
Áhrif á rekstrarhagnað	3.678	4,5%	3.287	5,2%

Afskriftirnar munu halda áfram á svipuðum nótum næstu þrjú til fjögur árin, en eftir það mun hlutfallið lækka og haldast þannig næstu sex ár. Frekari fyrirtækjakaup kunna að breyta þessu hlutfalli.

Rekstrarhagnaður

Rekstrarhagnaður á þriðja ársfjórðungi 2007 nam 8,1 milljón Bandaríkjadala, samanborið við 7,1 milljón dala á sama tímabili á síðasta ári, sem er 15% aukning. Rekstrarhagnaður sem hlutfall af sölu stóð í stað og var 9,9% og lækkar úr 11,3% á þriðja fjórðungi í fyrra. Væg lækkun framlegðar og neikvæð áhrif skrifstofu- og stjórnunarkostnaðar jafnast að mestu út vegna lægra hlutfalls skrifstofu- og stjórnunarkostnaðar. Gengisáhrif á rekstrarhagnað eru óveruleg.

Fjármagnsgjöld

Fjármagnsgjöld námu rúmunum 5,8 milljónum Bandaríkjadala á þriðja ársfjórðungi samanborið við 3,9 milljónir á sama tímabili í fyrra.

Vaxtagreiðslur af bankalánum námu 6,9 milljónum Bandaríkjadala á þriðja fjórðungi samanborið við 3,8 milljónir á þriðja fjórðungi 2006. Þetta er 80% aukning, sem skýrist að mestu vegna brúarláns sem var tekið í desember 2006 til þess að fjármagna kaupin á Gibaud.

Össur hefur gert vaxtaskiptasamning sem festir vaxtaþrósentu á 140 milljónum Bandaríkjadala og 48,6 milljónum evra af langtímalánum félagsins. Föst vegin vaxtaþrósentu út lántímabilið er 5,99% á ári.

Um 65% af langtímalánum Össurar eru í Bandaríkjadöllum og 35% í evrum. Frá upphafi fjórðungsins til loka tímabilsins hefur mismunur á stundargengi evru gagnvart Bandaríkjadala aukist sem nemur 5% sem hefur í för með sér neikvæð gengisáhrif á langtímalán félagsins sem nemur 3,9 milljónum dala.

Í ágúst síðastliðnum gerði Össur samninga um valrétt á gjaldeyri, til þess að verja gengismun á evrulánum. Í lok september voru samningarnir gerðir upp og gáfu 4,9 milljóna hagnað sem er færður yfir á rekstrarreikning. Fyrirtækið hefur gert fleiri samninga til að varna gengisáhættu.

Frá og með 1. júlí, er gengismunur vegna evru-brúarlánsins færður í gegnum eigið fé á móti gengishagnaði vegna fjárfestingar í Gibaud, sem er samkvæmt IFRS reikningsskilastaðli nr. 39. Brúarlánið er skilgreint sem vörn á móti fjárfestingu í Gibaud sem var í evrum. Í kjölfarið er neikvæður gengismunur sem nemur 6,1 milljónum Bandaríkjadala færður í gegnum eigið fé á þriðja ársfjórðungi 2007.

Tekjuskattur

Tekjuskattur nam 130 þúsundum Bandaríkjadala á þriðja ársfjórðungi, sem er 5,7% virkt skatthlutfall. Óvenjulegt 69% jákvætt skatthlutfall á þriðja ársfjórðungi 2006 hefur áhrif á samanburð þessara fjórðunga.

Hagnaðarhlutföll

EBITDA nam 14,1 milljón Bandaríkjadala samanborið við 12,1 milljón dala á sama tímabili í fyrra og eykst um 16%. Hlutfall EBITDA af sölu var 17,1% á fjórðungnum samanborið við 19,3% á sama tímabili 2006. Helstu ástæðurnar eru væg lækkun á framlegð og árstíðaáhrif hjá Gibaud.

Hagnaður fyrir skatta nam 2,3 milljónum dala, eða um 2,8% af sölu samanborið við 3,2 milljónir dala og 5,1% á þriðja fjórðungi 2006. Til viðbótar við áður nefndar ástæður lægri hagnaðarhlutfalla er aukin skuldsetning fyrirtækisins sem hefur veruleg áhrif á hagnað fyrir skatta.

Hagnaður tímabilsins nam 2,2 milljónum Bandaríkjadala samanborið við 5,4 milljónir á þriðja fjórðungi 2006, sem er um 60% lækkun. Hlutfall hagnaðar á móti sölu var 2,6% samanborið við 8,6% á sama tímabili í fyrra. Óvenjulegt 69% jákvætt skatthlutfall á þriðja fjórðungi 2006 hefur áhrif á samanburðinn.

Rekstrarreikningur fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2007

Eftirfarandi eru helstu rekstrarniðurstöður fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2007. Gibaud Group kemur inn í samstæðu Össurar í desember 2006 og Somas var keypt í febrúar 2007. Gibaud er því inni í samstæðureikningnum allt tímabilið og Somas frá 1. febrúar.

Rekstrarreikningur fyrstu níu mánuði 2007 (Þús. USD)	Jan. - sept 2007	% af sölu	Jan. - sept 2006	% af sölu	Breyting
Sala	250.739	100,0%	188.289	100,0%	33,2%
Kostnaðarverð seldra vara	(102.870)	-41,0%	(75.811)	-40,3%	35,7%
Framlegð	147.869	59,0 %	112.478	59,7 %	31,5 %
Aðrar rekstrartekjur	828	0,3%	244	0,1%	239,3%
Sölu- og markaðskostnaður	(63.961)	-25,5%	(50.862)	-27,0%	25,8%
Þróunarkostnaður	(14.917)	-5,9%	(13.181)	-7,0%	13,2%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	(46.260)	-18,4%	(26.380)	-14,0%	75,4%
Kostnaður vegna endurskipulagningar			(3.000)	-1,6%	
Rekstrarhagnaður	23.559	9,4 %	19.299	10,2 %	22,1 %
Fjármunatekjur / (fjármagnsgjöld)	(23.218)	-9,3%	(14.795)	-7,9%	56,9%
Hagnaður / (tap) fyrir tekjuskatt	341	0,1 %	4.504	2,4 %	-92,4 %

Tekjuskattur	591	0,2%	3.563	1,9%	-83,4%
Hagnaður / (tap) tímabilsins	932	0,4%	8.067	4,3%	-88,4%
EBITDA	41.661	16,6%	33.877	18,0%	23,0%

Innri vöxtur á fyrstu níu mánuðum ársins var 8% mælt í Bandaríkjadöllum, en 5% mælt í staðbundinni mynt. Pro forma söluvöxtur var 8% mælt í Bandaríkjadöllum, en 4% mælt í staðbundinni mynt.

Sala í Bandaríkjunum jókst um 5% mælt í Bandaríkjadöllum og innri vöxtur var 4% á fyrstu níu mánuðum ársins. Vöxturinn hefur verið undir væntingum, að stærstum hluta vegna endurskipulagningar á sölukerfum. Sala í Evrópu, Mið austurlöndum og Afríku jókst um 87% mælt í Bandaríkjadöllum og 74% mælt í staðbundinni mynt. Innri vöxtur var 13% mælt í Bandaríkjadöllum og 5% mælt í staðbundinni mynt. Pro forma söluvöxtur var aðeins lægri vegna áhrifa Gibaud. Söluvöxtur í Asíu nam 15% á tímabilinu.

Sala á spelkum og stuðningsvörum jókst um 38% samanborið við fyrstu níu mánuði ársins 2006, mælt í Bandaríkjadöllum, en 33% mælt í staðbundinni mynt. Pro forma söluaukning var 3% mælt í Bandaríkjadöllum, en 1% mælt í staðbundinni mynt. Salan á spelkum og stuðningsvörum hefur aukist jafnt og þétt á tímabilinu. Sala á stoðtækjum hefur einnig aukist töluvert alla þrjá fjórðungana, um 12% mælt í Bandaríkjadöllum, en 9% mælt í staðbundinni mynt.

Framlegð nam 147,9 milljónum Bandaríkjadala á fyrstu níu mánuðum ársins og jókst úr 112,5 milljónum eða tæplega 32% frá sama tímabili í fyrra. Hlutfall framlegðar af sölu fyrir fyrstu níu mánuðina var 59% og lækkar lítillega úr 59,7% á sama tímabili í fyrra. Uppfærsla á birgðum vegna kaupanna á Gibaud Group nam 1,3 milljónum dala á fyrsta fjórðungi 2007, sem jafngildir 0,5% af sölu á fyrstu níu mánuðum ársins 2007.

Rekstrarhagnaður var 23,6 milljónir Bandaríkjadala, eða 9,4% af sölu sem er um 22% aukning frá sama tímabili í fyrra. Hlutfall rekstrarhagnaðar af sölu, að undanskilinni uppfærslu á birgðum í tengslum við fyrirtækjakaup á fyrsta fjórðungi ársins og einskiptiskostnaður að upphæð 3 milljónir Bandaríkjadala í tengslum við kaupin á Innovation Sports á fyrsta fjórðungi 2006, var 9,9% samanborið við 11,8% af sölu fyrstu níu mánuði ársins 2006. Sala á fyrsta ársfjórðungi var undir væntingum sem hafði neikvæð áhrif á hlutfall rekstrarhagnaðar af sölu þar sem umtalsverður hluti rekstrargjalda er fastur. Áhrif árstíða hjá Gibaud, starfslokagreiðslur í tengslum við endurskipulagningu sölukerfa í Bandaríkjunum sem og óvenjulegur kostnaður vegna málaferla höfðu einnig neikvæð áhrif á hlutfallið.

EBITDA nam 41,7 milljónum Bandaríkjadala samanborið við 33,9 milljónir dala á fyrstu níu mánuðum ársins 2006, sem er 23% aukning. Hlutfall EBITDA af sölu var 16,6% samanborið við 18,0% á sama tímabili 2006. Hlutfall EBITDA af sölu var 17,1% að undanskilinni uppfærslu á birgðum samanborið við 19,6% á sama tímabili í fyrra að undanskildum einskiptiskostnaði í tengslum við fyrirtækjakaup.

Aukning í vaxtakostnaði vegna brúarlánsins, sem tekið var í tengslum við kaupin á Gibaud og neikvæð gengisáhrif á evruhluta langtímalána félagsins hefur veruleg neikvæð áhrif á hagnað fyrstu níu mánuði ársins.

Efnahagsreikningur

Efnahagsreikningur (Þús. USD)	30. september 2007	31. desember 2006	Breyting
Fastafjármunir	491.751	489.319	0%
Veltufjármunir	133.317	123.433	8%
Eignir samtals	625.068	612.752	2%
Eigið fé	171.089	161.639	6%
Langtímaskuldir	233.661	234.538	0%
Skammtímaskuldir	220.318	216.575	2%
Eigið fé og skuldir samtals	625.068	612.752	2%

Heildareignir jukust um 12,3 milljónir Bandaríkjadala frá árslokum 2006, eða um 2%. Um 11 milljónir Bandaríkjadala af þessari aukningu eru vegna kaupanna á Somas í febrúar.

Eiginfjárlutfall í lok fjórðungsins var 27%, sem er aukning um eitt prósentustig frá árslokum 2006. Eins og áður hefur komið fram er brúarlán sem tekið var til þess að fjármagna kaupin á Gibaud í desember 2006 meðtalið í skammtímaskuldum félagsins. Gengismunur vegna lánsins frá og með 1. júlí 2007 er færður í gegnum eigið fé á móti gengishagnaði af fjárfestingunni.

Nettó vaxtaberandi skuldir á móti áætlaðari EBITDA fyrir árið 2007 er á bilinu 6,5-7x.

Sjóðstreymi

Sjóðstreymi (Þús. USD)	Jan.-sept. 2007	% af sölu	Jan.-sept. 2006	% af sölu
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	37.150	45%	22.704	36%
Handbært fé frá rekstri	25.719	31%	7.000	11%

Hreint veltufé frá rekstri	12.811	16%	22.791	36%
----------------------------	--------	-----	--------	-----

Handbært fé frá rekstri, að frátöldum vöxtum og sköttum nam 37,2 milljónum Bandaríkjadala eða 45% af sölu á þriðja ársfjórðungi samanborið við 22,7 milljónir og 36% á þriðja fjórðungi 2006. Þetta jafngildir 63% aukningu.

Fjárfestingar í fastafjármunum námu 4,7 milljónum Bandaríkjadala á fyrstu níu mánuðum ársins sem jafngildir 1,9% af sölu samanborið við 6,9 milljónir og 3,6% á sama tímabili í fyrra.

Hagnaður á hlut

Lykiltölur	3. ársfj. 2007	3. ársfj. 2006	Breyting	Jan-sept. 2006	Jan-sept. 2007	Breyting
Hagnaður á hlut að teknu tilliti til kaupréttá (bandarísk sent)	0,56	1,40	-60%	0,24	2,10	-88%
Hagnaður að viðbættum afskriftum á útistandandi hlut að teknu tilliti til kaupréttá og óvenjulegra liða (bandarísk sent)	2,10	2,72	-23%	4,94	5,89	-16%

Hagnaður á hlut að teknu tilliti til kaupréttá var um 0,24 bandarísk sent samanborið við 2,10 sent á hlut á fyrstu níu mánuðum ársins og lækkar um 88% sem skýrist að mestu vegna aukningar á fjármagnsgjöldum.

Hagnaður að viðbættum afskriftum á útistandandi hlut að teknu tilliti til kaupréttá og óvenjulegra liða var 4,94 bandarísk sent á hlut á fyrstu níu mánuðum ársins samanborið við 5,89 sent á hlut á sama tímabili 2006, sem samsvarar 16% lækkun.

Fimm ára samanburður

Fimm ára samanburður (Þús. USD)	3. ársfj. 2007	3. ársfj. 2006	3. ársfj. 2005	3. ársfj. 2004	3. ársfj. 2003
Sala	82.322	62.755	44.567	30.674	22.398
Rekstrarhagnaður	8.125	7.061	1.686	5.511	2.942
Fjármunatekjur / (fjármagnsgjöld)	-5.840	-3.887	-1.861	210	-114
Hagnaður (tap) fyrir skatta	2.285	3.174	-175	5.721	2.828
Hagnaður (tap) eftir skatta	2.155	5.377	812	4.678	2.266
Eigið fé	171.089	164.805	66.062	54.236	46.900
Heildareignir	625.068	453.597	396.454	108.915	101.731
Veltufé frá rekstri	12.811	22.791	13.519	17.925	9.424
Handbært fé frá rekstri	25.719	7.000	12.845	10.905	8.729
Arðsemi eigin fjár síðustu tólf mánuði	-2%	8%	20%	22%	20%
Veltufjárhlutfall	0.6	1.5	0.9	2.1	2.2
Eiginfjárhlutfall	27%	36%	17%	50%	46%
Hagnaður á hlut (bandarísk sent) síðustu tólf mánuði	-0,72	3,02	3,82	3,42	2,59
Verð á hlut í lok tímabils (ISK)	101,5	126	85,5	91,5	53,5
Markaðsvirði í lok tímabils í milljónum dala	630	692	441	410	231

Rekstrarhorfur

Rekstrarhorfur til lengri tíma eru áfram jákvæðar. Öflugir undirliggjandi hvatar til markaðsvaxtar eru m.a. hærri lífaldur, krafan um betra líf og velmegun eldra fólks. Mikil fjárfesting í innleiðingu og endurskipulagningu í kjölfar fyrirtækjakaupa 2005 og 2006, sem gjörbreytti félaginu, er nú farin að skila sér í auknum vexti og rekstrarhagræði. Stjórnendur eru sannfærðir um að tekist hafi að byggja traustan grunn sem mun styðja við metnaðarfull vaxtaráform félagsins.

Sala á fjórða ársfjórðungi 2007 er áætluð á bilinu 85-87 milljónir Bandaríkjadala. Gert er ráð fyrir að EBITDA verði í kringum 14-15 milljónir.

Hlutfjárakning

Stjórn Össurar hefur veitt heimild til þess að auka hlutfé félagsins um allt að 10% af heildarhlutfé félagsins, með sölu í lokuðu útbóði til takmarkaðs fjölda fagfjárfesta. Hlutfjárakningin mun styrkja efnahagfélagsins sem og breikka hluthafahópinn. Kaupþing Banki mun sjá um aukninguna fyrir hönd félagsins, sem fer fram í dag og á morgun, 30. – 31. október. Sjá samhliða tilkynningu um útbóðið.

Samþykkt árshlutareiknings

Árshlutareikningur fyrir þriðja ársfjórðung 2007 fyrir félagssamstæðu Össurar hf. var samþykktur á stjórnarfund 29. október. Árshlutareikningurinn, sem gerður er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS-International Financial Reporting Standards), hefur verið kannaður af endurskoðendum félagsins og áritaður án athugasemda.

Kynningarfundir fyrir markaðsaðila

Í dag þriðjudaginn 30. október heldur Össur hf. símafund fyrir fjárfesta og markaðsaðila.

Klukkan 13:00 að staðartíma verður haldinn símafundur á ensku. Unnt verður að hlusta á fundinn á heimasíðu Össurar: www.ossur.com.

Vinsamlegast hringið í eftirfarandi símanúmer til að taka þátt í fundinum:

Símanúmer fyrir Evrópu: +44 (0) 20 7162 0025

Símanúmer fyrir Bandaríkin: +1 334 323 6201

Einnig er unnt að senda fyrirspurnir til fundarins, sem haldinn er á ensku, með tölvupósti á investormeeing@ossur.com

Klukkan 16:15 að staðartíma verður opinn fundur með stjórnendum fyrirtækisins á Radisson SAS Hótel Sögu við Hagatorg. Á fundinum munu Jón Sigurðsson, forstjóri og Hjörleifur Pálsson, fjármálastjóri, fara yfir rekstur tímabilsins.

Kynningarefni fundarins verður hægt að nálgast á heimasíðu Össurar: www.ossur.com og á vef Kauphallar Íslands/OMX Nordic Exchange (www.omxgroup.com/nordicexchange/marketnews/companynotices) jafnhliða fréttatilkynningunni.

Birtingadagar Össurar 2007

Eftirfarandi dagsetningar sýna áætlaða birtingu uppgjöra fyrir árið 2007:

Fjórði fjórðungur / ársuppgjör
Aðalfundur 2008

5. febrúar 2008
22. febrúar 2008

Fréttatilkynningar frá Össuri sendar með tölvupósti

Ef óskað er eftir því að fá fréttatilkynningar frá Össuri sendar með tölvupósti, er hægt að skrá sig á eftirfarandi síðu: <http://www.ossur.com/investormailing>

Nánari upplýsingar

Jón Sigurðsson, forstjóri	sími: 515-1300
Hjörleifur Pálsson, fjármálastjóri	sími: 515-1300
Sigurborg Arnarsdóttir, fjárfestatengill	sími: 515-1300